

## Fundargerð

### Íþróttá- og tómstundaneftnd - 260. fundur

haldinn í Lóninu Linnetsstíg 3,  
6. desember 2017 og hófst hann kl. 08:15.

#### Fundinn sátu:

Karólína Helga Símonardóttir aðalmaður  
Guðbjörg Oddný Jónasdóttir aðalmaður  
Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir aðalmaður  
Elísabet Ólafsdóttir áheyrnarfulltrúi

**Fundargerð ritaði:** Geir Bjarnason, .

Birta Guðný Árnadóttir sat fundinn fyrir hönd Ungmennaráðs Hafnarfjarðar.

#### Dagskrá:

#### 2. 1709654 - Samningur um niðurgreiðslu þáttökugjalda

Íþróttá- og tómstundafulltrúi hafði fyrir á árinu hafnað að semja við viðkomandi málsaðila um aðgengi hans að frístundaniðurgreiðslum fyrir börn og unglinga í Hafnarfirði. Um var að ræða starfsemi einkaaðila í heimahúsi sem hafði ekki starfsleyfi. Viðkomandi hefur áfrýjað höfnun íþróttafulltrúa til íþróttá- og tómstundaneftndar en í millitíðinni fékkst starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogsvæðis.

Þessi aðili hefur fulla menntun til að standa að viðkomandi starfsemi og uppfyllir umsóknin að mestu leiti önnur viðmið sem sett eru í reglum um niðurgreiðslu þáttökugjalda.

*Íþróttá- og tómstundaneftnd snýr úrskurði íþróttá- og tómstundafulltrúa og heimilar honum að semja við viðkomandi aðila um þáttöku í niðurgreiðslukerfinu vegna frístundastyrkja í Hafnarfirði og skal ákvörðunin vera afturvirk til 1. september 2017.*

*Huga þarf til framtíðar hver eftirlitsskylda Hafnarfjarðarbæjar sé gagnvart þeim aðilum sem standa fyrir tómstundastarfi fyrir börn og Hafnarfjarðarbær tekur þátt í að greiða niður með tómstundastyrk.*

#### 3. 1711372 - Snorraverkefnið, stuðningur sumarið 2018

Sótt er um stuðning við Snorraverkefnið en í gegnum það hafa ungmenni 18 - 28 frá Kanada af íslenskum ættum heimsótt Ísland og kynnst landi og þjóð meðal annars í gegnum starfsþjálfum og landkynningar.

Lagt fram til kynningar.

#### 4. 1711371 - Aðgengismál sundlauga

Sjálfbjörg, landssamband hreyfihamlaðra stóð síðasta sumar fyrir aðgengisverkefni að sundlaugum. Heiti verkefnisins var: Sundlaugar okkar allra! Ein af þeim sundlaugum sem tekin var út var Ásvallalaug.

Lagt fram til kynningar.

**6. 1704040 - Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar og fyrirtækja hans 2018 og 2019-2021**

Á fundi fræðsluráðs þann 29. nóvember var eftirfarandi bókað um tillögur Samfylkingar og Vinstri grænna sem barst frá bæjarráði vegna breytinga á fjárhagsáætlun og vísað til Íþróttá- og tómstundanevndar:

1. Að fenginn verði óháður aðili til að taka út aðstöðu til iðkunar íþróttá- og tómstunda fyrir börn og ungmenni í Hafnarfirði, gera samanburð á aðstöðunni í sveitarfélaginu við önnur sambærileg sveitarfélög, kanna fjölbreytni í framboði íþróttá og tómstunda fyrir börn og unglínga og greina hvar helst er þörf fyrir viðbótar uppbyggingu, aukinn rekstrarstuðning eða aðgerðir til að koma á fót nýrri starfsemi. Horft verði jafnt til íþróttá og annarra tómstundaúrræða, s.s. listgreina. Sérstaklega verði lögð áhersla á að greina þörf fyrir uppbyggingu helstu innviða eftir svæðum innan bæjarins, með það að markmiði að tryggja að börn í Hafnarfirði búi við sambærileg tækifæri til þátttöku í skipulögðu íþróttá- og tómstundastarfi óháð búsetu innan svæðisins.

Á grundvelli niðurstöðu þeirrar vinnu verði tekin endanleg ákvörðun um forgangsroðun verkefna sem m.a. hafa komið fram í tillögum ÍBH og eftir atvikum öðrum hagsmunaaðilum sem sinna tómstundastarfi barna og unglínga í Hafnarfirði.

Mikilvægt er að þessari vinnu verði lokið eigi síðar en í lok janúar nk. þannig að hún þurfi ekki að leiða til tafa á framkvæmd einstakra verkefna.

Samþykkt að vísa tilögunni til umfjöllunar og úrvinnslu hjá ÍTH. Meðal annars verði teknar saman upplýsingar úr þeim fjölda rannsókna, kannana og greininga sem til eru um framboð, viðhorf til þessarar þjónustu, þátttöku o.fl. í Hafnarfirði.

*Íþróttá- og tómstundafulltrúa falið að safna saman gögnum um málið eins og úr könnunum og skýrslum og kynna fyrir nefndinni það helsta sem til er varðandi málið. Reynt verði að skoða þetta í tengslum við hverfaskiptingu.*

**5. 1703518 - Íþróttá- og útivistarsvæði, golfvellir**

Ítrekað fyrra erindi Golfklúbbs Setbergi um framtíðarlandssvæði fyrir félagið en erindi sama efnis barst fyrr á árinu.

*Íþróttá- og tómstundanevnd tekur vel í að félagið muni fá aðstöðu til framtíðar í bæjarlandi Hafnarfjarðar. Nefndin hvetur Umhverfis- og skipulagssvið að hefja vinnu við að hefja undirbúning að framtíðarskipulagi svæðisins með hagsmunaaðilum.*

*En eins og staðan er í dag þá vísar nefndin í framkvæmdaáætlun íBH og fjárhagsáætlun fyrir 2018 en þar er ekki reiknað með þessu verkefni.*

**1. 1509776 - Ungmennaráð, fundargerð**

Birta Guðný Árnadóttir fulltrú UMH kynnti síðustu fundargerð Ungmennaráðsins.

**7. 1706132 - Íþróttabandalag Hafnarfjarðar, nýr samstarfssamningur**

Lagður fram samstarfssamningur við ÍBH og staða við samninginn kynnt.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:15.**

**Karólína Helga Símonardóttir  
(n)  
Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir  
(n)**

**Guðbjörg Oddný Jónasdóttir  
(sign)  
Elísabet Ólafsdóttir (sign)**